

Júlí 2019



# Ársskýrsla forsætisráðherra 2018

Stjórnarráð Íslands  
Forsætisráðuneytið

# Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra .....	3	Endurskoðun stjórnarskrár .....	21	<b>Stofnanir forsætisráðuneytisins</b> .....	39
<b>Starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2018</b> .....	5	Samráðsgátt - opnun og reynsla .....	23	Hagstofa Íslands .....	40
Tímalína 2018 .....	6	Störf stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi .....	24	Óbyggðanefnd .....	40
Ísland 2018 .....	8	Vinna við gerð kjarasamninga á árinu 2018 .....	25	Umboðsmaður barna .....	40
Ríkisstjórn og ráðherranefndir .....	9	Störf starfshóps um umbætur á úrvinnslu og nýtingu tölfraeðiupplýsinga .....	26	Embætti ríkislögmanns .....	41
Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins 2018 .....	10	Loftslagsmál .....	27	Seðlabanki Íslands .....	42
Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2018 .....	12	Störf nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis ..	28	Úrskurðanefnd um upplýsingamál .....	42
Mannauður .....	13	Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ .....	29	<b>Rekstur og fjárfestingar</b> .....	43
Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra á árinu 2018 .....	14	Samræmd vinnubrögð við stefnumótun innan Stjórnarráðsins eflað .....	31	Málefnasvið .....	44
<b>Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2018</b> .....	16	Niðurstöður nefndar um endurskoðun á ramma peningastefnunnar og næstu skref ..	32	Rekstur málefnasviða og málaflokka .....	45
Fullveldishátíð 1. desember 2018 .....	17	Störf starfshóps um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði .....	33	Málaflokkar .....	46
Störf starfshóps um eflingu trausts á stjórnmalum og stjórnsýslu, helstu niðurstöður og næstu skref .....	18	Þjóðaröryggisráð árið 2018 .....	34	Fjárfesting málaflokka .....	47
Framtíðarmálefni .....	19	Viðbygging við Stjórnarráðshúsið og skipulag á Stjórnarráðsreit .....	35	Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2018 .....	49
Starfshópur um hlutverk lífeyrissjóða, niðurstöður og næstu skref .....	20	Gæði lagasetningar .....	37	Styrkveitingar ráðherra skv. 42.gr. laga um opinber fjármál .....	49
		Þjóðlendum .....	38	<b>Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna</b> .....	50
				Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018 .....	51
				Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál .....	52
				Ákærvald og réttarvarsla .....	54

## EFNISYFIRLIT

### RÁÐUNEYTIÐ

### VERKEFNI

### STOFNANIR

### REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

### ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Ávarp ráðherra

Forsætisráðuneytið veitti forystu mörgum mikilvægum málum árið 2018, oft í samráði og samvinnu við önnur ráðuneyti og ýmsa aðra aðila s.s. hagsmunasamtök og frjáls félagasamtök.



Eitt umfangsmesta verkefni ársins voru samskipti stjórnvalda og aðila vinnu- markaðarins sem ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að sé bæði reglubundið og formfast. Árið 2018 voru haldnir tólf samráðsfundir og samtalið leiddi af sér fjölda verkefna. Við gerð kjarasamninga á árinu 2019 kom berlega í ljós hve miklu þessi vinna hafði skilað en á árinu

2018 voru þegar stigin mikilvæg skref s.s. með skýrslu um launatölfræði, tillögur til úrbóta og hækkun atvinnuleysisbóta og tillögur um nýtt launafyrirkomulag æðstu embættismanna sem byggir á niðurlagningu kjararáðs. Þá var unnið að gagnagrunninum tekjusagan.is allt árið 2018.

Verkefnisstjórn leidd af fulltrúum forsætis- og umhverfisráðuneytis kynnti í september fyrstu fullfjármöggnuðu aðgerðaáætlunina í loftslagsmálum. Ítarleg skýrsla um áhrif tæknibreytinga og fjórðu iðnbyltingarinnar á íslenskt samfélag var unnin af starfshópi á árinu og kynnt í byrjun árs 2019. Vísinda- og tækniráð efndi til opins samráðs við almenning um þær framtíðaráskoranir sem leggja ætti áherslu á innan vísinda- og rannsóknasamfélagsins á komandi misserum. Á endanum var horft til þriggja málaflokka; umhverfismála og sjálfbærni, heilsu og velferðar og lífs og starfa í heimi breytinga. Áfram verður unnið að því að afmarka helstu áskoranir og tækifæri í náninni framtíð sem tengja má fjórðu iðnbyltingunni.

Ráðstefna um framtíð íslenskrar peningastefnu var haldin þegar nefnd um endurskoðun hennar skilaði af sér í júní og í kjölfarið hófst endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands og fjármálaeftirlit í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ný heildarlög um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eru nú til umfjöllunar á Alþingi. Fyrsta eigendastefnan um Þjóðlendur ríkisins var unnin í ráðuneytinu og ný lög um umboðsmann barna voru samþykkt á haustþingi þar sem meðal annars var lögfest að haldið yrði barnaþing hérlendis annað hvert ár, þar sem farið verður yfir stöðu og þróun í málefnum barna í samvinnu við þau. Er það ánægjulegt nýmæli.

Í upphafi árs var skipuð nefnd um umbætur á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis og á síðari hluta ársins kynnti nefndin fyrri áfanga vinnu sinnar; fimm frumvörp sem færa lagaumhverfið hér á landi mun framur þegar kemur að bæði gagnsæi og réttindum almennings. Í því skyni voru jafnframt strax stigin skref með opnum dagbókum ráðherra og hagsmunaskráningu

- EFNISYFIRLIT
- RÁÐUNEYTIÐ
- VERKEFNI
- STOFNANIR
- REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
- ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra. Í febrúar kynnti forsætisráðuneytið enn fremur nýja samráðsgátt stjórnvalda sem bæði eykur gagnsæi og gefur stjórnvöldum færi á að leita áhlits almennings, hagsmunaaðila og félagasamtaka á fyrri stigum lagasetningar. Starfshópur um eflingu trausts á stjórnmalum og stjórnsýslu skilaði skýrslu í september. Þar eru lagðar til ýmsar aðgerðir til að efla heilindi hjá hinu opinbera eins og að settar verði reglur um samskipti við hagsmunaverði og starfsval að loknum opinberum störfum, að reglur um hagsmunaskráningu verði endurskoðaðar og unnið verði hentugt námsefni á þessu sviði fyrir opinbera starfsmenn. Ráðherranefnd um jafnréttismál og stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi tóku til starfa á árinu. Hópnun hafa verið falin margvísleg verkefni sem hann vinnur nú að og meðal þess sem hann lauk 2018 var yfirferð yfir viðbrögð við #metoo-bylgjunni innan Stjórnarráðsins.

Formenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi hafa fundað reglulega til að ræða stjórnarskrár-endurskoðun og er unnið eftir áætlun sem ég kynnti snemma árs 2018 og gerir ráð fyrir markvissu vinnulagi í tvö kjörtímabil með þátttöku almennings. Fyrsti árangur af þessu samstarfi leit dagsins ljós í maí 2019 þegar tvö frumvörp voru birt til samráðs (auðlindir náttúru Íslands og umhverfisvernd). Sérstakur verkefnisstjóri var ráðinn í forsætisráðuneytið til að halda utan um þessa þýðingarmiklu vinnu.

Árið var fyrsta heila ár ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs. Mörg verkefni voru sett af stað og vegna samhæfingarhlutverks ráðuneytisins voru mörg þeirra unnin í samstarfi við önnur ráðuneyti. Eitt mikilvægasta verkefni forsætisráðuneytisins er að tryggja að ólík ráðuneyti vinni betur saman og markmið og leiðarljós séu skýr. Í því skyni hef ég lagt áherslu á að ýmis mál sem krefjast samræmingar á milli ráðuneyta komi til umfjöllunar í

ráðherranefndum og ég tel að slík þverfagleg umfjöllun þar sem ráðherrar fá tækifæri til þess að fjalla ítarlega um mikilvægt mál skili miklum árangri og geti komið í veg fyrir að málefni falli á milli ráðuneyta. En fyrir utan þetta stefnumótunar- og verkstjórnarhlutverk er það eðli starfsins að bregðast við ýmsu því sem upp kann að koma. Þá skiptir miklu að hafa jafn öflugt starfsfólk og raun ber vitni sem er sveigjanlegt og getur sett sig inn í fjölbreytt mál á skömmum tíma og leitt samvinnu við önnur ráðuneyti.

Ég er ánægð með þau stóru skref sem voru stigin á árinu 2018 samfélaginu til heilla, ekki einungis í forsætisráðuneytinu heldur jafnframt í öðrum ráðuneytum. Ársskýrslur ráðherra koma nú út í annað sinn og ég hvet alla til að kynna sér efni þeirra og fá þannig góða yfirsýn yfir verkefni sem unnið var að í Stjórnarráðinu árið 2018.

  
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



# Starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2018

| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNAMIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Tímalína 2018

16. janúar

Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sett á laggirnar



18. janúar

Fyrsti fundur ráðherra-nefndar um jafnréttismál

19. janúar

Starfshópur um kjararáð með fulltrúum vinnumarkaðarins og stjórnvalda skipaður

22. janúar

Starfshópur um kjararáð með fulltrúum vinnumarkaðarins og stjórnvalda skipaður

9. mars

Dagbækur ráðherra opnaðar

6. mars

Ríkisstjórnin setur af stað vinnu við gerð loftslagsstefnu fyrir Stjórnarráðið

22. febrúar

Stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi sem forsætisráðherra skipaði tekur til starfa

5. febrúar

Aukið gagnsæi með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda

19. mars

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundar með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í Berlín

4. apríl

Skipun nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis

27. apríl

Ríkisstjórnin styrkir UNICEF um 5 millj. kr. vegna útgáfu skýrslu um efnislega stöðu barna á Íslandi

3. maí

Fjárhæðir atvinnuleysistrygginga hækkaðar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu félagslegs stöðugleika

8. maí

Hagsmunaskráning ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra tekin upp

13. júní

Forsætisráðherra skipar framtíðarnefnd vegna tæknibreytinga

5. júní

Fjármálastöðugleiki hafi forgang á verðstöðugleika, nefnd um ramma peningastefnunnar skilar niðurstöðum



25. maí

Forsætisráðherra skipar starfshóp um fjórðu iðnbyltinguna og hugsanleg tækifæri og áhrif á íslenskt samfélag

9. maí

Istanbúlsamningurinn fullgiltur á Íslandi

26. júní

Forgangsmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna samþykkt á ríkisstjórnarfundum

2. júlí

Forsætisráðherra skipar nefnd um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði

5. júlí

Grænbók um hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál til umsagnar

16. júlí

Sumarfundur ríkisstjórnarinnar haldinn að Langaholti í Snæfellsbæ

8. ágúst

Forsætisráðherra heim-sækir Íslendingaslóðir í Kanada og Bandaríkjunum

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



**10. september**

Blásið til sóknar í loftslagsmálum – aðgerðaáætlun í loftslagsmálum kynnt

**5. september**

Starfshópur um eflingu trausts skilar skýrslu

**25. ágúst**

Ný skýrsla um stöðu efnahagsmála í aðdraganda kjarasamninga

**20. ágúst**

Fundir stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins – gögn birt

**14. september**

Verkátun og staða stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi kynnt í ríkisstjórn

**2. október**

Skipun sáttanefndar vegna eftirmála sýknudóms Hæstaréttar Íslands í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu

**5. október**

Samstarf um sókn íslenskunnar

**5. október**

Forsætisráðherra skipar starfshóp um endurskoðun laga og reglna er varða eignarhald á landi og fasteignum

**5. október**

Samstarfsvettvangur um framlag til loftslagsmála á alþjóðlegum vettvangi skipaður

**27. nóvember**

Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði settur á fót

**6. nóvember**

Ráðherrabifreiðar verði rafvæddar

**1. nóvember**

Skýrsla þjóðaröryggisráðs um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland birt

**15. október**

Umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis kynntar

**11. október**

Vinna hafin við að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið



**1. desember**

Forsætisráðherra setur fullveldishátíð við Stjórnarráðshúsið

**3. desember**

Forsætisráðherra afhendir verðlaun og opnar sýningu á tillögum um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið og skipulag á Stjórnarráðsreit

**11. desember**

Ísland aðili að alþjóðasamþykkt um farendur

**11. desember**

Ríkisstjórnin afgreiðir frumvarp um tjáningarfrelsi og þagnarskyldu opinberra starfsmanna

**20. desember**

Forsætisráðuneytið hlýtur jafnlaunavottun

**18. desember**

Ísland efst tíunda árið í röð – jafnréttismál



**14. desember**

Undirritun samnings um ráðgjöf Siðfræðistofnunar til stjórnvalda um siðfræðileg efni

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ




VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Ísland 2018

	 Alls	 Karlar	 Konur
Mannfjöldi í árslok 2018	356.991	182.837	174.154
<b>16-74 ára</b>			
Atvinnuþátttaka	81,6%	85,3%	77,8%
Atvinnuleysi	2,7%	2,9%	2,6%
Vinnutími	39,6%	43,1%	35,3%
<b>Aðfluttir umfram brottflutta</b>			
Erlendir ríkisborgarar	6.621	4.145	2.476
Samtals	6.556	4.138	2.418



| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Ríkisstjórn og ráðherranefndir

Ríkisstjórnarfundir eru fundir allra ráðherra sem sæti eiga í ríkisstjórn Íslands. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum sem alla jafna eru haldnir tvisvar í viku á starfstíma Alþingis. Á fundunum eru m.a. rædd mikilvæg stjórnarmálefni og stjórnarfrumvörp og stjórnartillögur sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi. Dagskrá ríkisstjórnarfunda er birt hér á vef Stjórnarráðsins.

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Hlutverk ráðherranefnda er að efla samráð og samstarf á milli ráðherra og ráðuneyta þeirra og tryggja samhæfingu ef málefnasvið skarast og til að undirbúa mál til framlagningar.

### Fjöldi starfandi ráðherra



### Fjöldi funda árið 2018



| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins 2018


Hlutverk forsætisráðuneytisins er að aðstoða forsætisráðherra og ríkisstjórn hvers tíma við að koma megináherslum sínum í framkvæmd. Þetta er gert með leiðsögn, forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins.

Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni og verka-skiptingu samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta. Þeirri áskorun sem fylgir breytingum við ríkisstjórnarskipti er mætt með sveigjanlegu skipulagi og starfsfólki sem verður að vera reiðubúið og hæft til að laga sig skjótt að nýjum áherslum og verkefnum. Meðal þeirra málefna sem heyrðu undir ráðuneytið á árinu 2018 voru stjórnskipan, þjóðhagsmál, þjóðaröryggismál, þjóðlendur, vísinda- og tækniráð o.fl.

Æðsti yfirmaður forsætisráðuneytis er forsætisráðherra. Æðsti embættismaður ráðuneytisins er ráðuneytisstjóri, sem stýrir daglegum rekstri þess.

## Skipurit forsætisráðuneytisins

Nánari útfærslu á skipuriti forsætisráðuneytisins [má finna hér](#).



| EFNISYFIRLIT

| **RÁÐUNEYTIÐ**

| VERKEFNI

| STOFNANIR

| REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

| ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

1.703

Mál í málaskrá

166

Fréttatilkynningar sendar út

40.687

Skjöl í málaskrá

27

Skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi

30.154

Innkomin skráð skjöl

57

Upplýsingabeiðnir

28.446

Innkomin skráður tölvupóstur

182

Formlegar fyrirspurnir til ráðuneytisins

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2018

**500.000** kr.

Háskóli Íslands - #metoo/#églíka

**300.000** kr.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands – stuðningur vegna málþings eða fundaraðar um tjáningarfrelsi

**250.000** kr.

Músík í Mývatnssveit

**200.000** kr.

40.074 km ehf. – Miðbaugs-  
minjaverkefnið, alþjóðleg  
farandverkefni listamanna

**200.000** kr.

Hinsegin-dagar í Reykjavík

**200.000** kr.

Snorrasjóður, sjálfseignastofnun

**150.000** kr.

Landsbyggðarvinir

**150.000** kr.

Líknarfélagið Von

**150.000** kr.

Félag heyrnarlausra

**100.000** kr.

Ísalog sf. - Íslensk sönglist

**100.000** kr.

Vínafélag Pólska skólans

**100.000** kr.

ADHD-samtökin

Samtals veitt af  
ráðstöfunarfé ráðherra

**2.400.000** kr.

| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

| VERKEFNI

| STOFNANIR

| REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

| ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Mannauður


Æðsti yfirmaður forsætisráðuneytisins er forsætisráðherra, sem fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Æðsti embættismaður ráðuneytisins er ráðuneytisstjóri, sem stýrir daglegum rekstri þess. Starfsfólk forsætisráðuneytisins hefur fjölbreytta menntun og er meðal starfsaldur tæp ellefu ár.

## Starfsfólk í árslok 2018


	= Alls	👤 Karlur	👧 Konur
Fjöldi	49	20	29
Hlutfall		41%	59%
Meðalaldur	52	56	49
Stöðugildi	46,5	18,5	28

\* Ráðherra og aðstoðarmenn með í ofangreindum tölum en ekki fólk í leyfi og barnsburðarleyfi.

## Menntun starfsmanna



## Skipting háskólamenntunar



| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

| VERKEFNI

| STOFNANIR

| REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

| ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra á árinu 2018

Forsætisráðherra sótti margvíslega fundi á alþjóðavettvangi á árinu 2018 þar sem hún fundaði jafnframt með fjölda þjóðarleiðtoga.

Á norrænum vettvangi sótti forsætisráðherra leiðtogafund norrænna forsætisráðherra í Stokkhólmi með Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, þar sem m.a. var rætt um viðskiptasambönd ríkjanna, tækniframfarir og nýsköpun, alþjóðleg öryggismál og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Forsætisráðherra átti einnig tvíhliða fund með Modi þar sem rætt var um almenn samskipti landanna, viðskiptamál og samstarf, m.a. á sviði jafnréttismála og jarðhita.

Árlegur sumarfundur norrænna forsætisráðherra fór einnig fram í Svíþjóð, nánar tiltekið í Örnkölsdvík. Á fundinum ræddu ráðherrarnir stöðu alþjóðastjórn mála, þróun mála í Evrópu og öryggismál og 5G-væðingu Norðurlandanna. Þá funduðu þau með leiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja.



Forsætisráðherra sótti Norðurlandaráðsþing í Ósló þar sem hún kynnti formennskuáætlun Íslands en Ísland gegnir formennskuhlutverki í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019. Fundur í Northern Future Forum, samstarfvettvangi Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og Bretlands, var einnig haldinn á sama tíma í Ósló og var að þessu sinni rætt um þróun og nýsköpun á sviði heilsutækni og heilbrigðismála. Samhliða þessum fundum átti forsætisráðherra tvíhliða fundi með Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs; Juha Sippilä, forsætisráðherra

Finnlands; og Theresu May, forsætisráðherra Bretlands. Á fundinum með May sammæltust forsætisráðherrarnir um að tryggja samning um gagnkvæm réttindi borgara landanna, burtséð frá niðurstöðu viðræðna Bretlands og ESB um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

| VERKEFNI

| STOFNANIR

| REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

| ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

Forsætisráðherra heimsótti Þýskaland á liðnu ári og fundaði þar með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Á fundinum var rætt um samskipti þjóðanna og marvísleg málefni af alþjóðavettvangi, m.a. loftslags- og umhverfismál, málefni Norðurskautsins og mannréttindamál. Forsætisráðherra tók einnig þátt í sérstakri dagskrá fullveldishátíðar á vegum sendiráðs Íslands í Berlín og ávarpaði jafnréttisráðstefnu þar sem fjallað var um samræmingu vinnu og fjölskyldulífs.

Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins (NATO) fór fram í Brussel um mitt árið. Á fundinum voru m.a. rædd framlög til varnarmála, fjölþátta ógnir, netöryggi, staða mála í Mið-Austurlöndum og samskiptin við Rússland og Norður-Kóreu. Forsætisráðherra ræddi þar einnig sérstaklega um öryggismál í breiðara samhengi, m.a. um nauðsyn þess að efla þróunar- og mannúðaraðstoð, mikilvægi kynja-jafnréttis fyrir frið í heiminum og þær ógnir sem stafa af loftslagsbreytingum. Þá gerði hún afvopnun að sérstöku umtalsefni, sérstaklega kjarnorkuafvopnun. Forsætisráðherra átti einnig tvíhliða fundi með forsætisráðherrum Grikklands og Lúxemborgar og forsetum Króatíu og Litháens.

Forsætisráðherra heimsótti einnig Íslendingaslóðir í Manitoba og Norður-Dakóta þar sem hún var heiðursgestur á Íslendingahátíðunum



í Gimli og Mountain. Ráðherra kom víða við í ferð sinni um slóðir Vestur-Íslendinga og var viðstödd ýmsa menningarviðburði. Jafnframt átti hún fundi með Brian Pallister, forsætisráðherra Manitoba, sem og fleiri ráðherrum Manitoba.

Forsætisráðherra tók einnig þátt í ýmsum alþjóðlegum ráðstefnum á árinu, þ.m.t. OECD Anti-Corruption and Integrity Forum og Global Positive Forum í París og Süddeutsche Zeitung Economic Forum í Berlín.

Alþjóðadagskrá forsætisráðherra tók einnig til margvíslegra funda og heimsókna erlendra gesta til Íslands, þar á meðal heimsókn Margrétar Þórhildar Danadrottningar og forsætisráðherra Danmerkur, Lars Lökke Rasmussens, í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands, og heimsókn forsætisráðherra Eistlands, Jüri Ratas. Þá tók forsætisráðherra þátt í stórum alþjóðlegum ráðstefnum á Íslandi, svo sem Hringborði Norðurslóða og Heimspingi kvenleiðtoga.

| EFNISYFIRLIT

| RÁÐUNEYTIÐ

| VERKEFNI

| STOFNANIR

| REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

| ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2018

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA





## Fullveldishátíð 1. desember 2018

Efnt var til hátíðarhalda í tilefni 100 ára afmælis fullveldisins sem þjóðin hlaut með sambandslögunum frá 1918. Hátíðarhöldin voru haldin 1. desember þegar öld var liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi.

Sérstakur verkefnisstjóri fór með yfirstjórn og framkvæmd hátíðarinnar.

Leiðarljós hátíðarhaldanna var að horfa fram á veginn og taka mið af hugmyndum ungs fólks um framtíð fullveldisins. Ungt fólk var því virkjað til þátttöku á hugarflugsfundum. Til þeirra voru sóttar hugmyndir að efnistöfum og innihaldi hátíðardagskrár og miðað við að sem flestar list- og menningartengdar stofnanir þjóðarinnar yrðu samstarfsaðilar við miðlun og útfærslu hugmyndanna sem þannig skapast.

Leitast var við að láta hátíðarhöldin 2018 kallast á við athöfnina sem var við Stjórnarráðshúsið 1918, en að innihald og áferð hátíðarhaldanna vísuðu til framtíðar enda var lögð megináhersla á að hugmyndir unga fólksins fengju að njóta sín við útfærsluna.

Unga fólkið lagði áherslu á þá staðreynd að jörðin og lífríki hennar til lands og sjávar, ásamt andrúmsloftinu umhverfis hana, þyrfti að vera í brennidepli allrar mannlegrar tilveru ef ná ætti markmiðum um sjálfbæra þróun á næstu áratugum.

Forsætisráðherra lagði áherslu á að hátíðarhöldin væru fyrir þjóðina alla. Ýmislegt var gert til þess að ná til almennings og til að mynda var RÚV virkur bakhjarl þegar kom að því að ná til fólks. Sviðslistafólk var fengið til samstarfs, stúdentar og leikarar. Sömuleiðis var leitast við að efna til hátíðarhalda um allt land. Viðburðir og gjörningar voru því haldnir víða í tengslum við hátíðarhöldin og alltaf var leitast við að ná til sem flestra.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Störf starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu, helstu niðurstöður og næstu skref

Starfshópur um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu var skipaður 5. janúar 2018 og skilaði skýrslu til ráðherra í september sama ár.

Í skýrslunni [Efling trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu](#) eru settar fram tillögur til stjórnvalda sem miða að því að auka traust almennings á stjórnsýslunni, þar á meðal varðandi endurskoðun siðareglna, aukið gagnsæi í starfsemi stjórnvalda, bættu reglusetningu um hagsmunaárekstra og hagsmunaskráningu, samskipti við hagsmunaaðila, starfsval eftir opinber störf, vernd uppljóstrara, lýðræðislegt samráð við almenning, símenntun opinberra starfsmanna og fræðslu. Tillögurnar byggjast á niðurstöðum og tilmælum alþjóðlegra stofnana og þróun í þeim ríkjum sem náð hafa mestum

árangri á sviðinu. Unnið var að aðgerðum í samræmi við skýrsluna og tilmæli GRECO, samtaka ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu, í fimmtu úttektarskýrslu samtakanna á Íslandi frá mars 2018. Gerður var samningur við Siðfræðistofnun um ráðgjöf til stjórnvalda um siðfræðileg efni og eftirfylgni með niðurstöðum starfshópsins. Þá var gerður verksamningur við lögfræðing til undirbúnings lagasetningar um hagsmunaskráningu handhafa framkvæmdarvalds, samskipti við hagsmunaaðila o.fl.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Framtíðarmálefni


Forsætisráðherra skipaði framtíðarnefnd um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga 12. júní 2018. Skipan nefndarinnar var í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Framtíðarnefndin er skipuð 11 þingmönnum úr öllum flokkum og er Smári McCarthy formaður hennar.

Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga, áhrif tækniframfara og hina svokölluðu fjórðu iðnbyltingu. Nefndin fundaði þrisvar sinnum á árinu og þar af var ein vinnustofa með sérfræðingum frá Efnahags- og framfarastofnunni (OECD). Fyrir liggur að á árinu 2019 mun nefndin skoða nánar þrjú viðfangsefni og gefa út stuttar samantektir með helstu niðurstöðum.

Forsætisráðherra leiddi vinnu Vísinda- og tækniráðs en ráðið hefur verið að skoða meiri-háttar samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir. Á árinu höfðu vísinda- og tækninefndir Vísinda- og tækniráðs samráð við almenning, fulltrúa stjórnmalaflokka á Alþingi,

vísindasamfélagið og atvinnulífið við að greina brýnustu áskoranirnar sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir á næstu áratugum. Örar tæknibreytingar, breytingar á samsetningu þjóðarinnar og menntun eru grundvallarþættir í öllum þeim samfélagslegu áskorunum sem greindar voru en þrjá megináskoranir fyrir árin 2018–2021 eru:

- 1) umhverfismál og sjálfbærni,
- 2) heilsa og velferð, og
- 3) líf og störf í heimi breytinga.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Starfshópur um hlutverk lífeyrissjóða, niðurstöður og næstu skref

Í janúar 2018 kom út skýrsla um umsvif lífeyrissjóða í íslensku efnahagslífi, ásamt greinargerð frá Hagfræðistofnun og álitgerð frá Landslögum um samkeppnisleg áhrif af víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða í atvinnulífinu.

Forsætisráðherra, í samráði við ráðherranefnd um efnahagsmál, skipaði starfshóp til að skoða hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs í júní 2017. Starfshópurinn fékk það hlutverk að skoða hvaða efnahagslegu og samkeppnislegu hættur felast í víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða í atvinnufyrirtækjum. Einnig hvort æskilegt væri að setja reglur eða gera lagabreytingar um eignarhald og aðkomu lífeyrissjóða að stjórnun atvinnufyrirtækja í þeim tilgangi að draga úr áhættu sjóðanna og tryggja samkeppni á markaði.



## Helstu tillögur hópsins eru eftirfarandi

- Lífeyrissjóðir marki fjárfestingarstefnu til langs tíma og stefni að því að auka vægi erlendra eigna til að draga úr áhættu.
- Lífeyrissjóðir séu skyldugir til að móta stefnu um stjórnarhætti lífeyrissjóða sem eigenda í atvinnufyrirtækjum.
- Lífeyrissjóðum gert skylt að birta að minnsta kosti árlega skýrslu með upplýsingum um samskipti við félög sem þeir fjárfesta í og um hvernig þeir greiða atkvæði á hluthafafundum.
- Stjórnvöld skoði í samráði við hagsmunaaðila að lögum verði breytt þannig að einstaklingar fái auknar heimildir til að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði til húsnæðissparnaðar og jafnframt að sjóðfélagar geti ráðstafað 3,5% af 15,5% lágmarksiðgjaldi í séreign eða til húsnæðissparnaðar að eigin vali.
- Mikilvægt að stuðla að samkeppni milli lífeyrissjóða þar sem það á við.
- Lög um starfsemi lífeyrissjóða endurspegli þær breytingar er varða stjórnarhætti sem hafa orðið á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingafélög.

Skýrslan er nú til frekari skoðunar hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Endurskoðun stjórnarskrár

Að tillögu forsætisráðherra er gert ráð fyrir að núgildandi stjórnarskrá verði endurskoðuð í heild á þessu og næsta kjörtímabili og vinnunni verði áfangaskipt. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ríkisstjórnin vilji halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólitísku samstarfi með aðkomu þjóðarinnar og nýta meðal annars til þess aðferðir almenningssamráðs.

Formenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi funda að minnsta kosti ársfjórðungslega til að leggja stærstu línur um framgang verkefnis. Forsætisráðherra boðar fundina og stýrir þeim.

Höfð er hliðsjón af þeirri miklu vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðun á undanförunum árum, sbr. t.d. þjóðfund, stjórnlaganefnd og stjórnlagaráð auk starfa stjórnarskrárnefnda 2005–2007 og 2013–2016, þeirri miklu samfélagslegu umræðu sem átt hefur sér stað, umræðu og nefndavinnu á Alþingi auk afstöðu kjósenda að því marki sem hún hefur þegar komið fram.

Verklagið er þannig að þegar tillögur eru orðnar nægilega mótaðar á vettvangi formanna verða þær birtar til samráðs. Reglulegt samráð verður haft við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Allt kapp verður lagt á að starfið

verði gagnsætt og haft verði víðtækt samráð við almenning. Leitað verður leiða til að virkja almenning til þátttöku, meðal annars með rökræðukönnunum.

Leitast verður við að ná sem breiðastri samstöðu um tillögur áður en gengið verður frá þeim til framlagningar á Alþingi. Ef samstaða næst ekki girðir það ekki fyrir að þær verði lagðar fram af breiðum meirihluta. Sérfræðingar verða kallaðir til starfa eftir þörfum. Ljóst er að viðfangsefni hafa fengið mjög mismikla umfjöllun í samfélaginu á undanförunum árum og því ólíkt eftir viðfangsefnum hvaða gögn unnið er með. Sum kalla á mikla vinnu, m.a. ráðgjöf sérfræðinga, en önnur eru lengra komin.

Frumvarp (eða frumvörp) verður lagt fram á Alþingi á síðasta haustþingi kjörtímabilsins.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Miðað er við eftirfarandi skiptingu málefna á næstu tvö kjörtímabil

### Tímabilið 2018–2021

Þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd, þjóðar- atkvæðagreiðslur að frumkvæði hluta kjósenda eða minnihluta þings, framsal valdheimilda í þágu alþjóða- samvinnu, II. kafli stjórnarskrárinnar um forseta lýðveldisins og meðferð framkvæmdarvalds og loks ákvæði um hvernig stjórnarskránni verði breytt.

### Tímabilið 2021–2025

Kaflar stjórnarskrár um Alþingi, m.a. um fjárstjórnarvald þess, Alþingis- kosningar og dómstóla, þ.e. III., IV. og V. kafli, ákvæði um þjóðkirkjuna, mannréttindaákvæði stjórnarskrár- innar og inngangsákvæði, þ.e. I., VI. og VII. kafli og önnur efni sem ekki hafa þegar verið nefnd.

Haldnir voru átta fundir formanna um endur- skoðun stjórnarskrárinnar á árinu og fjallað var um öll þau málefni sem taka á til meðferðar á kjörtímabilinu. Auk þess var talsvert fjallað um verklag og samráð við almenning og fengin kynning frá sérfræðingum um þær leiðir sem helst eru færar í því sambandi. Lögð voru fram þrjú minnisblöð um fyrirhugaða endurskoðun stjórnarskrár og verklag vinnunnar. Unnið var samantektarskjal um stöðu þeirra málefna sem taka á fyrir á kjörtímabilinu og helstu atriði til umræðu varðandi þau. Nálíast má fundar- gerðir funda formanna ásamt minnisblöðum og samantektarskjali á [www.stjornarskra.is](http://www.stjornarskra.is)

Fallið var frá þeirri hugmynd sem upphaflega var lagt upp með að hafa að störfum sérstaka sérfræðinganevnd til að fjalla um stjórnar- skrárbreytingar til hliðar við vinnu formanna. Ákveðið var að í staðinn yrðu sérfræðingar kall- aðir til starfa eftir því sem þörf krefur.

Í lok nóvember voru afgreidd drög að frumvarpi að nýju ákvæði um umhverfisvernd til birtingar í samráðsgátt stjórnvalda en ákveðið að viðhafa það verklag að birta það ekki fyrr en drög að ákvæði um auðlindir væri afgreitt. Fram kom við afgreiðsluna að vinnu við skjalið er ekki lokið og breytingar væru mögulegar í kjölfar samráðsins. Eins felst ekki í afgreiðslunni yfirlýsing af hálfu formanna um að þeir verði flutningsmenn frumvarpsins.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFVUN FJÁRMUNA

# Samráðsgátt - opnun og reynsla

Samráðsgáttin var opnuð í febrúar 2018 og undirbúin í samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, forsætisráðuneytis og dómismálaráðuneytis.

Markmið samráðsgáttarinnar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu. Til að senda inn umsögn eða ábendingu þarf að skrá sig inn í samráðsgáttina með Íslykli eða rafrænni auðkenningu, enda birtast umsagnir að meginreglu jafnóðum. Umsagnir í samráðsgáttinni eru birtar á ábyrgð sendanda, sem skráður er fyrir efninu.


Tekið skal fram að til viðbótar við opið samráð á netinu geta verið annars konar samráðsferlar, svo sem þátttaka helstu hagsmunaaðila í nefndarstarfi eða sérstakt boð til þeirra um umsögn.

Samráðsgáttinni hefur verið vel tekið, heimsóknir á árinu voru u.þ.b. 66.600, umsagnir hátt í 900 og mál til samráðs samtals 210.

## Þau mál sem fengu flestar umsagnir á árinu 2018

- 45 Frumvarp til nýrra umferðarlaga
- 40 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030
- 37 Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun
- 31 Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi
- 30 Frumvarp til laga um þungunarrof

## Skipting mála eftir tegundum skjala á árinu 2018



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Störf stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi

Forsætisráðherra skipaði í mars 2018 stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi. Meginhlutverk hópsins er að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

Meðal verkefna stýrihópsins er að gera tillögur um útfærslu á aðgerðum sem kveðið er á um í nýrri aðgerðaáætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og taka afstöðu til frekari úrbóta. Stýrihópurinn skal fylgjast með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar og beita sér fyrir fullnægjandi fjármögnun hennar.

Hópurinn beitti sér fyrir innleiðingu Istanbúl-samningsins, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Ísland fullgilti samninginn 26. apríl 2018.

Þá kynnti hópurinn einnig tillögur um samræmd viðbrögð við #metoo-byltingunni innan Stjórnarráðsins og stofnunum þess sem vinnuveitanda og mun einnig kynna tillögur

er lúta að samfélaginu í heild, auk þess að móta stefnu um aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi.

Stýrihópurinn skal vera forsætisráðherra og ráðherranefnd um jafnréttismál til ráðgjafar í stefnumótun er lýtur að kynferðislegu ofbeldi, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni í íslensku samfélagi. Þá skal hópurinn líta sérstaklega til þeirrar margþættu mismununar sem konur af erlendum uppruna, konur sem ekki búa við efnahagslegt öryggi, fatlaðar konur og hinsegin konur verða fyrir.

Stýrihópurinn hefur sett sér verkáætlun til þriggja ára og áætlað að ljúka störfum eigi síðar en vorið 2021 og skilar tillögum sínum jafn-óðum og vinnslu þeirra lýkur.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Vinna við gerð kjarasamninga á árinu 2018

Forsætisráðuneytið hefur umsjón með samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði í tengslum við gerð kjarasamninga.

Á árinu fór fram umfangsmikið samráð við aðila vinnumarkaðarins um efnahagslegar og félagslegar áherslur ríkisstjórnar, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði. Í því skyni voru haldnir 12 samráðsfundir forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og félags- og barnamálaráðherra með forsvarsmönnum sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði í Ráðherrabústaðnum.


Á þessum fundum voru m.a. eftirfarandi viðfangsefni tekin fyrir:

1. Kjararáð og launaþróun kjörinna fulltrúa og embættismanna.
2. Launatölfræði og hagnýting hennar.
3. Áherslur stjórnvalda í félagslegum umbótum og félagslegur stöðugleiki.
4. Stefna í húsnæðismálum.

5. Staða og stefnumörkun um sjóði vinnumarkaðarins – Atvinnuleysistryggingar, fæðingarorlof og ábyrgðarsjóð launa.
6. Stefna í menntamálum.
7. Staða efnahagsmála og hagstjórn.
8. Útvíkkun Þjóðhagsráðs.
9. Sögulegt samspil launa, bóta, skatta og ráðstöfunartekna.
10. Endurskoðun tekjuskattkerfis.

Þær áherslur sem ræddar voru á þessum fundum mótuðu síðan stuðning ríkisstjórnarinnar við Lífskjarasamningana sem undirritaðir voru á almennum vinnumarkaði 3. apríl 2019.

Í ágúst 2018 var ákveðið að birta þau gögn sem lögð hafa verið fram á fundunum og má [nálgast þau hér](#).



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Störf starfshóps um umbætur á úrvinnslu og nýtingu tölfræðiupplýsinga

Ráðherra skipaði nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga. Verkefni nefndarinnar var að skoða aðferðafræði um launatölfræði á Íslandi, alþjóðlega launatölfræði og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þarfir vinnumarkaðarins á þessu sviði og hugmyndir um stofnun launatölfræðinefndar að erlendri fyrirmynd.

Nefndin kynnti helstu niðurstöður á samráðsfundi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í desember. Nefndin leggur meðal annars til að stofnuð verði kjaratölfræðinefnd um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum og að komið verði á heildarsöfnun launupplýsinga beint frá launagreiðendum. Einnig beinir nefndin þeim tilmælum til Hagstofu Íslands að gerð verði úttekt á því hvort launavísitala Hagstofunnar sé bjöguð og að íslenska starfaflokk-unarkerfið verði uppfært þannig að það taki betur mið af þeim störfum sem hafa breyst og orðið til á síðustu áratugum.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Loftslagsmál

Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnarinnar og eru fjölmörg ákvæði um þau í stefnuyfirlýsingu hennar. Þar segir meðal annars að gerð verði aðgerðaáætlun um samdrátt í losun, sem verði tímasett og fjármögnuð.

Með bréfi dags. 13. mars 2018 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra verkefnisstjórn til að vinna að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þar sagði m.a. að áætlunin ætti einkum að taka til helstu aðgerða sem hægt væri að grípa til í því skyni að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Í verkefnisstjórninni áttu sæti fulltrúar forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, ráðherra ferðaþjónustu, iðnaðar- og nýsköpunar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og


samgönguráðherra, auk fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem gegndi formennsku í hópnum og lagði til starfsmann.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 var kynnt í fyrstu útgáfu 10. september 2018. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Þetta er heildstæð áætlun sem samanstendur af 34 aðgerðum á mörgum sviðum.

### Megináherslurnar í loftslagsmálum eru tvær

- Orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- Átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Störf nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis

Hinn 16. mars 2018 [skipaði forsætisráðherra nefnd](#) sem var falið að fara yfir lagafrumvörp sem unnin voru í kjölfar þingsályktunar nr. 23/138 frá 16. júní 2010 um að Ísland skapaði sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningarfrelsis.

Þá var nefndinni falið að meta hverjar aðrar lagabreytingar kynnu að vera æskilegar á sviðinu. Nefndin skilaði fimm lagafrumvörpum til ráðherra 26. september 2018 og fjórum til viðbótar 26. febrúar 2019:

- Frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga (afnám refsinga vegna ærumeiðinga).
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu).
- Frumvarp til laga um breytingu á stjórn-sýslulögum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda opinberra starfsmanna).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um meðferð sakamála (afnám gagnageymdar o.fl.).
- Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum (útvíkkun gildissviðs upplýsingalaga o.fl.).
- Frumvarp til laga um vernd uppljóstrara.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. (lögbann á tjáningu).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla (endurkröfur blaðamanna og fjölmiðlaveitna).

Sjö af þessum níu frumvörpum hafa verið lögð fram á 149. þingi (2018–2019).

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru víðfeðm og ná yfir flest svið stjórnsýslunnar, bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi. Jafnframt er innleiðing markmiðanna ekki einungis á hendi stjórnvalda heldur mun þurfa samhent átak margra hagsmunaaðila til þess að þau megi verða að veruleika.

Í ljósi þess er mikilvægt fyrir stjórnvöld að hvetja til samráðs og samstarfs um innleiðingu markmiðanna. Þetta er í takt við niðurstöður stöðuskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum sem kom út í júní 2018 og sýndi að þótt Ísland standi vel að vígi gagnvart mörgum heimsmarkmiðanna eru ýmsar áskoranir sem kalla á skipulagða og samhæfða vinnu innanlands og á alþjóðavettvangi.

### Samstarf um markmiðin

Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin er leidd af forsætisráðuneytinu í nánú samstarfi við utanríkisráðuneytið. Í kjölfar stöðuskýrslunnar var skipuð ný verkefnastjórn til þess að leiða saman fulltrúa allra ráðuneyta auk fulltrúa Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk þess voru skipaðir áheyrnarfulltrúar frá ungmennaráði heimsmarkmiðanna og félagi Sameinuðu þjóðanna til að taka virkan þátt í vinnu verkefnastjórnar þegar það á við. Í innleiðingu

heimsmarkmiðanna leggur verkefnastjórnin áherslu á þau 65 forgangsmarkmið sem ríkisstjórnin samþykkti af alls 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna. Jafnframt er ávallt horft til þess hvaða einstaklingar og hópar eru, eða eiga á hættu að verða, jaðarsettir.

Verkefnastjórnin hefur komið á samstarfi við fulltrúa fyrirtækja og félagasamtaka um kynningu á heimsmarkmiðunum með viðburðum og dreifingu kynningarefnis. Þar á meðal hefur veggspjöldum með heimsmarkmiðunum verið dreift í alla grunn- og framhaldsskóla. Í undirbúningi er upplýsingagátt um heimsmarkmiðin sem mun gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum tækifæri til þess að setja inn verkefni sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna. Heimsmarkmiðagáttin verður þannig opinber vettvangur til upplýsingamiðlunar hagsmunaaðila um markmiðin. Upplýsingagáttin fer í loftið um mitt ár 2019 á upplýsingasiðu heimsmarkmiðanna, [heimsmarkmidin.is](http://heimsmarkmidin.is).

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGARÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Ungmennaráð heimsmarkmiðanna

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna var skipað vorið 2018 af tólf fulltrúum á aldrinum 13–18 ára víðs vegar af landinu. Hlutverk ráðsins er að vekja athygli almennings á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og jafnframt veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna. Ungmennaráðið á fundi sex sinnum á ári en þar að auki hefur starfandi ungmennaráð tekið þátt í fjölmörgum viðburðum á liðnu ári. Má þar meðal annars nefna þátttöku í Hringborði norðurslóða í Hörpu, heimspingi kvenleiðtoga, friðarráðstefnu Höfða friðarseturs og hátíðarhöldum í tengslum við fullveldisafmæli Íslands 1. desember. Ungmennaráðið fundaði með ríkisstjórn 15. mars 2019 og afhenti ráðherrum yfirlýsingu um þá mál sem ráðið leggur áherslu á við innleiðingu heimsmarkmiðanna.

## Stöðutaka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Forsætisráðherra mun í júlí 2019 kynna stöðu Íslands í innleiðingu heimsmarkmiðanna á ráðherrafundi hjá Sameinuðu þjóðunum (e. High Level Political Forum on Sustainable Development). Ríki eru hvött til að kynna stöðu innleiðingar markmiðanna þrisvar á gildistíma heimsmarkmiðanna til ársins 2030. Jafnframt verður skilað inn landsrýniskýrslu Íslands sem byggist á grunni stöðuskýrslunnar 2018.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Samræmd vinnubrögð við stefnumótun innan Stjórnarráðsins efla

Forsætisráðherra endurskipaði í stefnuráð Stjórnarráðs Íslands haustið 2018 en öll ráðuneyti eiga fulltrúa í ráðinu. Breytingar voru gerðar á hlutverki ráðsins í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförunum árum, m.a. með tilkomu laga um opinber fjármál.

Hlutverk stefnuráðs Stjórnarráðsins er eftir sem áður að vera samhæfingar- og samráðsvettvangur innan stjórnsýslunnar til að auka getu hennar til stefnumótunar. Ein meginbreytingin á hlutverki stefnuráðsins er að því er ætlað að vera vettvangur innan stjórnsýslunnar sem stuðlar að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnir framtíðarinnar.

Helstu verkefni stefnuráðsins á síðari hluta ársins fólust í endurskoðun á stefnumótandi afurðum sem styðja við framkvæmd laga um opinber fjármál, s.s. sniðmát fyrir málefnasvið og málaflokka var endurskoðað sem og fjárveitingarbréf. Stefnuráðið stóð einnig fyrir námskeiðum fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins með erlendum sérfræðingum. Áfram var unnið að þróun aðferðafræði og tækja við mótun stefna.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Niðurstöður nefndar um endurskoðun á ramma peningastefnunnar og næstu skref

Í júní 2018 skilaði starfshópur um endurskoðun á ramma peningastefnu tillögum sínum. Í nefndinni áttu sæti þrír hagfræðingar; dr. Ásgeir Jónsson formaður, Ásdís Kristjánsdóttir og Illugi Gunnarsson. Tillögur nefndarinnar lutu að umgjörð varúðartækja, endurbættum verðbólguþolmiðum, markvissari beitingu stjórnartækja Seðlabankans og ákvörðunarferli peningastefnunnar.

Í niðurstöðum nefndarinnar var lögð áhersla á að sérhver peningastefna hefði sína kosti og galla. Þjóðin hefði búið við þrálátan óstöðugleika í peningamálum þar sem leikreglum hefði ekki verið fylgt. Mikilvægast sé nú að farið verði eftir þeim leikreglum sem hvert fyrirkomulag krefst á hverjum tíma óháð því hvaða stefna er valin.

Í kjölfar skýrslu starfshópsins ákvað ráðherra-nefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins í október 2018 að hefja endurskoðun lagaumgjörðar um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit.

Endurskoðun þessi kallar á eftirfarandi:

1. breytingar á lögum sem lúta m.a. að peningastefnunni, núverandi verkefnum Seðlabankans og yfirstjórn,
2. breytingar á lögum sem lúta að fyrirkomulagi þjóðhagsvarúðar,
3. breytingar á lögum um fjármálaeftirlit,
4. breytingar sem lúta að varanlegu fyrirkomulagi fjárstreymistækis,
5. breytingar á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólguþolmið,
6. breytingar á verklagi í peningastefnunefnd Seðlabankans.

Meginleiðarljós vinnunnar er að efla traust, gagnsæi og skilvirkni við yfirstjórn efnahagsmála. Miðað skal við að viðhalda verðbólguþolmiði sem meginmarkmiði peningastefnunnar og sjálfstæði Seðlabankans og peningastefnunefndar hans til að beita stjórnartækjum til að ná því en gera viðeigandi breytingar sem efla traust og auka gagnsæi. Enn fremur skal miðað við að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið með þeim hætti sem eflir traust og tryggir skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Frumvarp þessa efnis var lagt fyrir Alþingi vorið 2019.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Störf starfshóps um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði

Ráðherra skipaði nefnd um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þegar meta á velferð er ekki nóg að horfa eingöngu til efnahagslegra þátta eins og landsframleiðslu og hagvaxtar heldur þarf einnig að mæla hluti sem eru mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif á líf þeirra.

Verkefni nefndarinnar er að koma með tillögu að fjölþættum mælikvörðum sem ná yfir efnahagslega, umhverfislega og félagslega þætti og eru lýsandi fyrir hagsæld og lífsgæði á Íslandi. Nefndin hóf störf í október og í upphafi var lögð áhersla á að safna upplýsingum um sambærilega vinnu erlendis og innanlands. Sérstaklega var horft til alþjóðastofnana eins og OECD og Eurostat og til reynslu Svíþjóðar, Frakklands, Skotlands, Nýja Sjálands, Þýskalands og Hollands. Hagstofan hefur gefið út félagsvísa frá 2012, en þeir eru safn ýmiss konar samfélagslegra mælinga og Landlæknir gefur árlega út lýðheilsuvísa. Áætlað er að hópurinn skili niðurstöðum sínum í október 2019.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

**VERKEFNI**

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Þjóðaröryggisráð árið 2018

Þjóðaröryggisráð er samráðsvettvangur stjórnvalda um þjóðaröryggismál og starfar samkvæmt lögum nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð sem voru samþykkt á Alþingi 1. september 2016.

Þjóðaröryggisráð hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis nr. 26/145, metur ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjallar um önnur málefni er varða þjóðaröryggi.

Á árinu 2018 fundaði þjóðaröryggisráð þrisvar sinnum. Í samvinnu við almannavarna-deild Ríkislögreglustjórans var haldin æfing í nóvember 2018 á sérstökum fundi þjóðaröryggisráðs vegna atburða sem hafa orðið eða eru yfirvofandi sem ætla má að hafi áhrif á þjóðaröryggi.

Þjóðaröryggisráð gaf út skýrslu í október 2018 um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland þar sem gerð er grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar.

Ráðið stóð fyrir málþingi í nóvember 2018 um fullveldi og þjóðaröryggi. Að undirbúningi og skipulagningu málþingsins komu Háskóli

Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri og Listaháskóli Íslands auk Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, sem hafði umsjón með framkvæmdinni.

Á árinu 2018 voru haldnir tólf kynningarfundir á þjóðaröryggisstefnunni og þjóðaröryggisráði í ráðuneytum og stofnunum og fyrir félagasamtök.

Hafinn var undirbúningur að gerð tillögu til þjóðaröryggisráðs að mati á ástandi og horfum í öryggis- og varnarmálum í víðtæku kerfisbundnu samstarfi innan stjórnkerfisins undir stjórn stýrihóps sem starfar í umboði þjóðaröryggisráðs. Stýrihópur var skipaður í maí 2018 til þess að gera tillögu að matsskýrslu fyrir þjóðaröryggisráðs. Stýrihópurinn hefur afmarkað efni matsskýrslunnar m.a. með hliðsjón af ábendingum tengiliða ráðuneyta og stofnana og gefið út leiðbeiningar um samræmda framsetningu áhættumatsskýrslna greiningaraðila.

Unnið er að skilgreiningu tölulegra upplýsinga, sem á hlutlægan, áreiðanlegan og samanburðarhæfan hátt veita vísbendingar um þróun og breytingar á þeim þáttum sem þjóðaröryggisstefnan tekur til. Fyrirhugað er að fela Hagstofu Íslands að greina fyrirbyggjandi tillögur að safni mælikvarða og gera tillögu að innsöfnun og viðhaldi þjóðaröryggisvísa.

Á árinu 2018 var skipaður tengiliðahópur þjóðaröryggisráðs sem ætlað er að greiða fyrir upplýsingagjöf til ráðsins. Tengiliðahópurinn er skipaður ríflega 40 tengiliðum allra ráðuneyta og stofnana, sem og opinberra hlutafélaga sem starfa á þeim sviðum er varða framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Viðbygging við Stjórnarráðshúsið og skipulag á Stjórnarráðsreit

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra afhenti, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, 3. desember 2018 verðlaun fyrir tillögur í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið og skipulag Stjórnarráðsreits. Verðlaunaafhendingin fór fram í Safnahúsinu á Hverfisgötu og var sýning á samkeppnistillögum opnuð í kjölfarið og stóð yfir til 31. desember 2018.

Samkeppnin var haldin í kjölfar þess að Alþingi samþykkti í október 2016 ályktun í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018 um að fela ríkisstjórn að efna til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar. Markmið með samkeppninni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar var að fá fram heppilegustu lausnina þannig að unnt yrði að nýta hina sögulega byggingu og lóð hennar sem aðsetur forsætisráðuneytis og fundarstað ríkisstjórnar Íslands til framtíðar. Óskað var eftir umhverfisvænum lausnum með sveigjanleika innra skipulags og hagkvæmni í viðhaldi og rekstri byggingar. Enn fremur var óskað eftir því að höfðu samráði við Reykjavíkurborg og Minjastofnun Íslands að lausnir fælu í sér viðbyggingu við gamla Stjórnarráðshúsið.

### Verðlaun fyrir samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið

Fyrstu verðlaun hlutu Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason hjá KURTOGPÍ og Garðar Snæbjörnsson, Jóhanna Høeg Sigurðardóttir og Ólafur Baldvin Jónsson.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Hönnunarsamkeppni um skipulag á Stjórnarráðsreit

Í ályktun Alþingis í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018 var ríkisstjórninni einnig falið að efna til samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreit. Síðastliðið rúmt ár hefur forsætisráðuneytið unnið að framkvæmd ályktunarinnar sem var löngu tímabær þar sem ekki hefur legið fyrir uppbyggingaráætlun fyrir þetta svæði. Stjórnarráðsreiturinn er afar mikilvægur byggingarreitur í hjarta höfuðborgarinnar og því afar ánægjulegt að sjá hversu vel tókst til við samkeppnina. Óskað var eftir hugmyndum um hvernig öllum ráðuneytum, að forsætisráðuneyti frátöldu, dómstólum og tilteknum stofnunum ríkisins verði fyrir komið á Stjórnarráðsreit sem markast af Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu og Ingólfsstræti.

### Frekari upplýsingar

- [Bæklingur](#) um viðbyggingu Stjórnarráðshúss
- [Bæklingur](#) um Stjórnarráðsreit

## Verðlaun fyrir samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits

Fyrstu verðlaun hlutu T.ark Arkitektar og SP(R)INT Studio. Karl Kvaran arkitekt (FAÍ) og skipulagsfræðingur, Ivon Stefán Cilia, arkitekt, FAÍ, Sahar Ghaderi, arkitekt Ph.D og Sara Mortazavi, arkitekt skipa hönnunarteymið.



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Gæði lagasetningar

Árið 2018 voru fjórir starfsmenn í yfirlestri stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna á skrifstofu löggjafarmála. Að lestrinum komu einnig fjórir lögfræðingar skrifstofunnar og hefur hver þeirra umsjón með ákveðnum málaflokkum.

Á árinu bárust skrifstofu löggjafarmála 137 frumvörp til yfirlestrar, alls 2.250 bls. Umfangsmesta frumvarpið, 147 bls., fjallaði um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Stystu frumvörpin voru tvær blaðsíður. Meðallengd frumvarpa var 16,4 bls.

37 þingsályktunartillögur bárust skrifstofunni, alls 398 bls. Lengsta þingsályktunartillagan, samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033, var 67 bls. og sú stysta tvær blaðsíður. Tillögurnar voru að meðaltali 10,8 bls. að lengd.

Á árinu voru því lesnar 2.648 bls. á skrifstofu löggjafarmála. Að auki bárust skrifstofunni ýmsar skýrslur og önnur skjöl til yfirlestrar.

### 137 frumvörp

2.250 blaðsíður

### 37 þingsályktunartillögur

398 blaðsíður



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Þjóðlendur

Í lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er fjallað um hvernig fara skuli með þjóðlendur. Þar með taldar eru leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þeirra og meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu.

Forsætisráðherra fer með þau verkefni sem almennt falla í hlut landeigenda að fjalla um og sinnir jafnframt öðrum stjórnsýsluskyldum, lögum samkvæmt.

Á árinu 2018 bárust ráðuneytinu 175 erindi vegna þjóðlendna og eru þau helstu:

- 15 erindi um afmörkun lóða undir skála og tengd erindi.
- 15 leyfi til framkvæmda.
- 24 umsagnir um skipulagstillögur.
- 16 beiðnir um aðgang að þjóðlendulínum.
- 11 lóðarleigusamningar og erindi tengd þeim.
- 14 grunnsamkomulög að lóðum og drög að þeim.

Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum var gefin út í febrúar 2019. Stefnan tekur mið af annarri stefnumörkun sem fyrir liggur og leitast við að dýpka þau stef og sjónarmið sem þar er að finna. Stefnan er aðgengileg á vefsvæði ráðuneytisins.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



# Stofnanir forsætisráðuneytisins

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

**STOFNANIR**

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofan skiptist í fimm svið, stjórnsýslu og samstarf, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið auk skrifstofu yfirstjórnar. Á árinu var sérstök áhersla lögð á umhverfisreikninga, rannsókn á lausum störfum, mánaðarleg þjónustuviðskipti, húsnæðismál, ferðaþjónustu og menningu og skapandi greinar.

## Óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 58/1998 og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og loks að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun um tæplega 84% af flatarmáli landsins alls. Rúmlega 44% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á telst til þjóðlendna en tæplega 56% eru eignarlönd, að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd.

## Umboðsmaður barna

Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 um embættið. Meginhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum, vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda, sem varða börn sérstaklega og stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að. Umboðsmaður barna er Salvör Nordal og var hún skipuð í júlí 2017 til fimm ára. Í kjölfar skipunar var hafin vinna við stefnumótun og lög um embættið endurskoðuð á árinu 2018 þar sem meðal annars er kveðið á um að umboðsmaður barna skipuleggi þing um málefni barna annað hvert ár. Fyrsta barnaþingið verður haldið í nóvember 2019 á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Erindi til umboðsmanns barna 2018:

- 1.419 erindi alls, 791 skrifleg og 628 munnleg
- 155 erindi voru frá börnum
- 25% af erindum á árinu voru vegna forsjár- og umgengnismála.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Embætti ríkislögmanns

Embætti ríkislögmanns starfar á grundvelli laga nr. 51/1985. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess.

Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum en einnig að annast sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bóta krafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.



**182** Dómsmál

**124** Héraðsdómstólar

**40** Landsréttur

**4** Hæstiréttur

**4** Félagsdómur

**10** Mannréttindadómstóll Evrópu

**273** Bótakröfur

**111** Óflokkaðar

**109** Slysatriggingabætur

**53** Vegna lögreglumanna

**27** Önnur mál

**14** Erindi frá ráðuneytum

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



## Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Einnig skal bankinn stuðla að fjármálastöðugleika og sinna öðrum verkefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka.

Í febrúar 2018 var auglýst eftir nýjum aðstoðarseðlabankastjóra. Forsætisráðherra skipaði Rannveigu Sigurðardóttur í embættið í júní og tók hún við af Arnóri Sighvatssyni. Í júlí breyttist skipan peningastefnunefndar þegar nýr aðstoðarseðlabankastjóri tók sæti í nefndinni en fyrr á árinu var Gylfi Zoega endurskipaður í nefndina til fimm ára.

Nefnd um endurskoðun á ramma peningastefnu skilaði niðurstöðum sem birtust í júní 2018. Í kjölfarið hófst vinna í ráðuneytinu við að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Í október 2018 var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og starfshópur skipaður fulltrúum forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis hóf störf. Starfshópurinn skyldi skila drögum að nýju frumvarpi í febrúar 2019.

## Úrskurðanefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og er ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnarsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Nefndinni bárust 165 erindi á árinu 2018 og lauk úrskurðum í 57 kærumálum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var að meðaltali 212 dagar frá kæru til úrskurðar en var 210 dagar árið 2017 og 391 dagur árið 2016.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Rekstur og fjárfestingar

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

**REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR**

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Málefnasvið

Á árinu 2018 heyrðu eftirfarandi málefnasvið undir forsætisráðherra:


- 03 Æðsta stjórnarsýsla, í heild sinni

Ráðherra á einnig eftirfarandi hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

- 02 Hæstiréttur, sbr. launaliður hæstaréttardómara í málaflokki 2.1
- 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. Hagstofa Íslands í málaflokki 06.10
- 09 Almanna- og réttaröryggi, sbr. óbyggðanefnd og ríkislögmaður í málaflokki 9.3
- 29 Fjölskyldumál, sbr. umboðsmaður bara í málaflokki 29.4

Málaflokkur 18 Menning og listir sbr. Hrafnseyri við Arnarfjörð, hefur verið sameinað undir málaflokki 3.3, Forsætisráðuneyti.

### Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða



EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Rekstur málefnasviða og málaflokka

Í töflunni hér á eftir má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði ársins 2018, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
<b>02 Dómstólar</b>	231	268	-37	-13,9%	0	-37	-14%
0210 - Hæstiréttur	231	268	-37	-13,9%	0	-37	-14%
<b>03 Æðsta stjórnarsýsla</b>	2.251	2.238	13	0,6%	81	-68	-3%
0310 - Embætti forseta Íslands	315	369	-54	-14,7%	-24	-30	-9%
0320 - Ríkisstjórn	597	461	136	29,4%	0	136	29%
0330 - Forsætisráðuneyti	1.339	1.408	-69	-4,9%	105	-174	-11%
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	1.273	1.379	-106	-7,7%	90	-196	-13%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.273	1.379	-106	-7,7%	90	-196	-13%
<b>09 Almanna- og réttaröryggi</b>	298	307	-9	-3,0%	18	-27	-8%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	298	307	-9	-3,0%	18	-27	-8%
<b>29 Fjölskyldumál</b>	56	52	3	6,3%	5	-2	-3%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	56	52	3	6,3%	5	-2	-3%

Fjárhæðir í milljónum króna

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Málaflokkar

Alls námu heildarútgjöld þeirra málaflokka sem forsætisráðuneytið ber ábyrgð á 4.108 m.kr. árið 2018. Áætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu 2018 yrðu 4.244 m.kr. Málaflokkur 6.1, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, skýrir hækkun frá fyrra ári á heildarútgjöldum sem falla undir ábyrgð forsætisráðherra en Hagstofa Íslands fellur þar undir og fluttist til forsætisráðuneytisins í janúar 2018.

Á sama tíma var hluti málefna sviðs 18, Menning og listir, sbr. Hrafseyri við Arnarfjörð, fært undir málaflokk 3.3, Forsætisráðuneyti. Endanlega útkoma var því 136 m.kr. innan áætlunar eða sem nemur um 3,2%

### Skýring á helstu frávikum málaflokka

Málefna svið 3, Æðsta stjórnsýsla, var samtals 13 m.kr. innan áætlunar, eða sem nemur 0,6%

Frávik málaflokks 2.1, Dómstólar, eru 13,9% undir fjárheimildum ársins eða 37 m.kr. en í þennan málaflokk fellur launaliður hæstaréttardómara.

Frávik í málaflokki 3.1, Embætti forseta Íslands, var 54 m.kr. innan áætlunar eða 14,7% sem skýrist einkum af því að áætluðum viðgerðum á húsi embættisins á Laufásvegi 72 seinkaði en eru komnar í fullan gang nú.

Málaflokkur 3.2, Launaliður ríkisstjórnar, er 136 m.kr. eða 29,4% yfir fjárheimild ársins. Í fjárveitingu ársins var ekki gert ráð fyrir uppgjöri við ráðherra og aðstoðarmenn vegna ríkisstjórnarskipta í árslok 2017 og fjölgun aðstoðarmanna.

Málaflokkar 2.1, Hæstiréttur, og 3.2, Ríkisstjórn, flytja ekki frávik á milli ára samkvæmt væntanlegu frumvarpi til staðfestingar ríkisreikningi fyrir árið 2018.

Frávik málaflokks 3.3, Forsætisráðuneyti, var 69 m.kr. innan áætlunar eða 4,9%. Viðhaldsverkefni á fasteignum ráðuneytisins töfðust lítillega meðal annars vegna úrkomuveðurs á liðnu ári.

Í málaflokki 6.1, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, en þar fellur starfsemi Hagstofu Íslands undir, námu frávik 106 m.kr. innan fjárheimilda eða 7,7% af fjárheimildum ársins.

Hagstofa Íslands hefur verið að safna eigið fé til að mæta auknum útgjöldum í þau verkefni sem fyrir liggja og til að mæta hagræðingu samkvæmt fjármálaáætlun. Um er að ræða gerð manntals sem áætlað er að muni kosta um 150 m.kr.

Undir málaflokki 9.3, Ákærvald- og réttarvarsla, fellur starfsemi ríkislögmans og óbyggðanefndar sem heyra undir forsætisráðuneytið. Frávik námu 9 m.kr. innan fjárheimilda eða 3%.

Undir málaflokk 29.4, Fjölskyldumál, fellur starfsemi umboðsmanns barna. Frávik námu 3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,3%. Ónotuð fjárheimild frá árinu 2017 var nýtt til að mæta þeim frávikum.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

## Fjárfesting málaflokka

Nú er í fyrsta sinni dregin fram fjárfesting málaflokka samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 í ársskýrslu ráðherra.

Frávik hjá málaflokki 3.3, Forsætisráðuneyti, er 192,5 m.kr. undir heimild til fjárfestingar og skýrist það af væntanlegri viðbyggingu undir ráðuneytið sem er fjallað um með ítarlegri hætti í árskýrslunni undir kaflanum Viðbygging við Stjórnarráðshúsið og skipulag við Stjórnarráðsreit.

Málaflokkur 6.1 hefur farið 4,9 m.kr. umfram heimildir til fjárfestingar og mun það vera fjármagnað af fjárfestingarheimild ársins 2019.

Aðrir málaflokkar eru með óveruleg frávik frá fjárfestingarheimildum ársins.

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ónýtt heimild í árslok
0310 - Embætti forseta Íslands	1	1	0	0
0330 - Forsætisráðuneyti	73	218	57	202
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	30	25	0	-5
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	0	1	0	1
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	1	1	0	0

*Fjárhæðir í milljónum króna*

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ


VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA

# Frávikagreining og árslokastaða ríkisaðila og fjárlagaliða



Fjárhæðir í milljónum króna

- EFNISYFIRLIT
- RÁÐUNEYTIÐ
- VERKEFNI
- STOFNANIR
- REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR**
- ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



\* Málaflokkur 3.2, launaliður ríkisstjórnar, er 136 m.kr. yfir fjárheimild ársins sem skýrist af því að í fjárveitingu ársins var ekki gert ráð fyrir uppgjöri við ráðherra og aðstoðarmenn vegna ríkisstjórnarskipta í árslok 2017 og fjölgun aðstoðarmanna. Málaflokkurinn flytur ekki frávik á milli ára samkvæmt væntanlegu frumvarpi til staðfestingar ríkisreikningi fyrir árið 2018.



## Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2018

 Styrkþegi	 Upphæð
Háskóli Íslands - metoo/ég líka	500.000
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands – stuðningur vegna málþings eða fundaraðar um tjáningarfrelsi	300.000
40.074 km ehf. – Miðbaugs-minjaverkefnið, alþjóðleg farandverkefni listamanna	200.000
Músík í Mývatnssveit	250.000
Hinsegin-dagar í Reykjavík	200.000
Snorrasjóður, sjálfseignastofnun	200.000
Landsbyggðarvinir	150.000
Íslensk sönglist/Ísalog sf	100.000
Vínafélag Pólska skólans	100.000
Líknarfélagið Von	150.000
ADHD-samtökin	100.000
Félag heyrnarlausra	150.000
<b>Samtals</b>	<b>2.400.000</b>

## Styrkveitingar ráðherra skv. 42.gr. laga um opinber fjármál

 Styrkþegi	 Upphæð
Reykjavíkurborg	5.705.855
Kaupum til góðs ehf.	124.359
Krabbameinsfélag Íslands	110.000
Félag Sameinuðu þjóðanna	1.348.880
Unicef Ísland	3.090.000
Cognitio ehf.	500.000
Háskóli Íslands	1.600.000
Loftslagsrannsóknir	2.500.000
Háskóli Íslands	10.000.000
Vísindafélag Íslendinga	6.000.000
Rauði krossinn í Reykjavík	75.000
<b>Samtals</b>	<b>31.054.094</b>

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI

STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFUN  
FJÁRMUNA



# Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

EFNISYFIRLIT
RÁÐUNEYTIÐ
VERKEFNI
STOFNAMIR
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018

myndin sýnir stöðu þeirra aðgerða sem voru á ábyrgð forsætisráðherra, skipt eftir málaflokkum, í fjármálaáætlun 2018-2022 og frumvarpi til fjárlaga 2018.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1	4	1			6
9.3 Ákærvald og réttarvarsla		1				1
Samtals aðgerðir	0	1	5	0	1	

■ Aðgerð ekki hafin  
 ■ Undirbúningur hafinn  
 ■ Aðgerð hafin  
 ■ Aðgerð komin vel á veg  
 ■ Aðgerð lokið

- EFNISYFIRLIT
- RÁÐUNEYTIÐ
- VERKEFNI
- STOFNANIR
- REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
- ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

## Málaflokkur 6.1

### MARKMIÐ 1

**Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna**

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi viðbótarbreyta og nýrra upplýsinga í hagskýrslur, ásamt aukinni sundurgreiningu í flokka eftir kyni, atvinnugreinum, starfsstéttum, menntun, vöru og þjónustuflokkum eða eftir því sem við á í hverju tilviki.	Sundurgreining gagna komin vel á veg.	Aukin sundurliðun gagna, sem unnin eru mánaðarlega og ársfjórðungslega. Meðal nýrra breyta: Framleiðni vinnuafls sundurliðuð eftir atvinnugreinum.	Fjöldi starfandi birt fyrir atvinnugreinar (sundurliðaður eftir kyni, aldri, uppruna og búsetu). Birting vinnumagnstölfræði á þjóðhagsreikningagrunni
Fjöldi nýrra hagskýrslna.	Ferðavenjurannsókn undirbúin.	Hagskýrslur um ferðavenjur Íslendinga og erlendra ferðamanna birtar.	Upplýsingum um óhefðbundna gístimöguleika hefur verið bætt við mánaðarlegar útgáfur. Mánaðarleg útgáfa skammtímahagvísu ferðaþjónustu.
Aðgengi á vef Hagstofunnar metið á notendafundum og með gæðaúttektum um innleiðingu meginreglna Eurostat3. Mat á aðgengi í könnuninni „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“	Erfitt er að sækja mismunandi töflur sjálfvirkt og bera þær saman. Uppfylla þarf óskir um að birta hagtölur frá öðrum opinberum aðilum.  Aðgengi fékk 57 í niðurstöðum könnunarinnar „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“ árið 2015.	Hægt er að nálgast hagtölur frá öðrum opinberum aðilum á vef Hagstofunnar. Mat á aðgengi í könnuninni „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“	Könnun var framkvæmd árið 2017. Hagstofan hefur ekki fengið niðurstöður könnunarinnar, einungis samantekt.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI


STOFNANIR

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

**MARKMIÐ 1**

**Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna**

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2018	Tímabil
Bæta vinnumarkaðstölfræði, þ.m.t. um framleiðni vinnuafls (m.a. vegna Salek).	Hagstofa Íslands	 Fjöldi starfandi eftir kyni, aldri, uppruna og búsetu. Tekjur eftir menntun. Úttekt á launatölfræði: Greinagerð um aðferðafræði launavísitölu og einnig Rannsókn á launamun kynjanna. Birting vinnumagnstölfræði á þjóðhagsreikningagrunni.	2017-2019
Ljúka við menntunarskrá sem meðal annars nýtist við vinnumarkaðstölfræði og er forsenda rafræns manntals sem vinna hefst við 2019 (m.a. vegna SALEK).	Hagstofa Íslands	 Menntunarskrá í rekstri.	2018
Uppbygging á rannsóknarþjónustu Hagstofu þ.m.t. Sviðsmyndagreininga fyrir þjóðhagsspá.	Hagstofa Íslands	 Ráðinn fagstjóri til að rannsaka viðbætur við þjóðhagslíkan með það að markmiði að fá inn greiðari aðkomu opinberra fjármála að því. Vinna hafin við þarfagreiningu á viðbót við þjóðhagslíkanið og samráði í tengslum við það. Aðstoð veitt við uppbyggingu sviðsmyndagreiningar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu	2018
Bæta hagtölur um húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningarmál og skapandi greinar.	Hagstofa Íslands	 Undirbúningur og samráð vegna húsnæðsimála. Í menningu og skapandi greinum er samráð, verkáætlun og flokkun skilgreind. Upplýsingum um óhefðbunda gistingu og gistingu í bílum utan tjaldsvæði og annarri ógreiddri gistingu. Mánaðarleg útgáfa skammtímahagvísu ferðaþjónustu. Í lok árs 2018 voru gistingu í bílum utan tjaldsvæði og annarri ógreiddri gistingu. Mánaðarleg útgáfa skammtímahagvísu ferðaþjónustu komin í rekstur. Áfram unnið að þróun nýrra skammtíma mælikvarða.	2018
Safna upplýsingum um umhverfis-skatta og gjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda.	Hagstofa Íslands	 Fyrsta gagnasett um losun gróðurhúsalofttegunda var gefið út á árinu 2018 og skilað til Eurostat. Unnið var að tölfræði um orkuflæðisreikninga á árinu. Á síðara hluta árs 2018 var hafin vinna við að safna upplýsingum um umhverfis-skatta og gjöld. Í lok árs 2018 var vinna komin langt með orkuflæðisreikninga og stefnt að skilum snemma á árinu 2019. Jafnframt er vinna hafin við efnafræðisreikninga og stefnt á skilum á þeim fyrir lok árs 2019.	2017-2019
Gera rafrænt manntal.	Hagst. Ísl.	 Undirbúningur hafinn.	2019-2023

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT  
RÁÐUNEYTIÐ  
VERKEFNI  
STOFNANIR  
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR  
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Ákærvald og réttarvarsla Málaflokkur 9.3

### MARKMIÐ 1

Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall landsvæða sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um.	12/18 svæðum lokið.	14/18 svæðum lokið.	11 af 17 svæðum lokið og vinna við 12. svæðið langt komin. Málsmeðferð hafin á tveimur svæðum til viðbótar. *
Fjöldi virkra dómsmála á hvern lögmann hjá embætti ríkislögmanns.	35	25	23 **

\* Hvað óbyggðanefnd varðar hefur svæðaskipting og þar með fjöldi svæða breyst síðan viðmið í töflunni var ákveðið. Nú er unnið samkvæmt áætlun sem gerð var í tengslum við auknar fjárveitingar til að flýta málsmeðferð og felur í sér að sautjándi og síðasta svæðið verði tekið til meðferðar árið 2021 og úrskurðað verði um það árið 2023. Áætlanir eru þó háðar fyrirvörum vegna óvissu um umfang mála á einstökum svæðum. Nánari upplýsingar um stöðu þjóðlendumála má finna á vefsíðu óbyggðanefndar, [obyggdaneftnd.is](http://obyggdaneftnd.is).

\*\* Athygli skal vakin á því að fjöldi virkra mála segir ekki til um umfang þeirra mála sem embættið fæst við hverju sinni.

EFNISYFIRLIT

RÁÐUNEYTIÐ

VERKEFNI


STOFNANIR

REKSTUR OG  
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR  
AF RÁÐSTÖFVUN  
FJÁRMUNA

**MARKMIÐ 1**

**Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna**

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Staða í árslok 2018	Tímabil
Efling á starfsemi óbyggðanefndar til að flýta málsmeðferð.	Óbyggðanefnd	 Svæði tekin örar til meðferðar en undanfarin ár.	2018-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Hvað óbyggðanefnd varðar hefur svæðaskipting og þar með fjöldi svæða breyst síðan viðmið í töflunni var ákveðið. Nú er unnið samkvæmt áætlun sem gerð var í tengslum við auknar fjárveitingar til að flýta málsmeðferð og felur í sér að sautjándi og síðasta svæðið verði tekið til meðferðar árið 2021 og úrskurðað verði um það árið 2023. Áætlanir eru þó háðar fyrirvörum vegna óvissu um umfang mála á einstökum svæðum. Nánari upplýsingar um stöðu þjóðlendumála má finna á vefsíðu óbyggðanefndar, [obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is).

- EFNISYFIRLIT
- RÁÐUNEYTIÐ
- VERKEFNI
- STOFNANIR
- REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
- ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Stjórnarráð Íslands

Forsætisráðuneytið

### Ársskýrsla forsætisráðherra

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg - 101 Reykjavík  
545 8400 | for@for.is

Júlí 2019 | ISSN: 2672-684X

Ábyrgðarmaður: Katrín Jakobsdóttir  
Umsjón: Forsætisráðuneytið  
Ljósmynd á forsíðu: Halldór Jónsson

@ 2019 – Forsætisráðuneytið

[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)



Ársskýrsla  
forsætisráðherra  
2018